

AUGLÝSING
um stöðvun strandveiða á svæði A,
frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Frá og með 15. maí til og með 31. maí 2014 eru strandveiðar bannaðar á svæði A, Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 360/2014, um strandveiðar fiskveiðiárið 2013/2014.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 2. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sbr. a. lið 2. gr. laga nr. 82/2013, um breytingu á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Fiskistofu, 12. maí 2014.

Hrefna Gísladóttir,
sviðsstjóri fiskveiðistjórnunarsviðs.

Jón Valgeir Guðmundsson.